



Innviðaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 15. ágúst 2024

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun

Þann 28. júní sl. birti innviðaráðuneytið í samráðsgátt stjórnvalda áformaskjal um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, mál nr. S-130/2024. Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið umrætt mál til skoðunar og verður hér gerð grein fyrir sjónarmiðum samtakanna.

Samtökin styðja við áform stjórnvalda um að framlengja gildistöku laganna með það að markmiði að styðja við fjölbreytta innlenda framleiðslu í dreifðari byggðum. Þá telja samtökin jákvætt skref að færa fjárhæðaviðmið í reglugerð og taka reiknireglur til endurskoðunar, en reynsla undanfarinna ára hefur verið sú að úthlutaðar fjárhæðir fari hlutfallslega lækkandi milli ára sökum hækkunar flutningskostnaðar á sama tíma og framlög til jöfnunar hafa staðið í stað.

Í fyrri umsögnum um breytingar á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun nr. 160/2011 m.s.br. hafa samtökin lýst yfir stuðningi við áform stjórnvalda. Meðal annars um að auka styrkveitingar til minni innlendra framleiðenda sem og að gæta þess að framlög til svæðisbundinnar flutningsjöfnunar fari fram í samræmi við lög og stefnu stjórnvalda í málaflokknum.¹ En markmiði laganna um að styðja við framleiðslu iðnaðar og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með því að jafna flutningskostnað þeirra aðila sem búa við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar sökum landfræðilegrar staðsetningar verður vart náð nema að þessu sé gætt.

Að því sögðu gera samtökin ekki frekari athugasemdir við áformaðar breytingar að svo stöddu en eru boðin og búin til frekara samtals um málið.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Sigurður Helgi Birgisson
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði

¹ Umsögn SI um breytingar á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, 3. október 2023:
https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Umsogn-SI-um-breytingar-a-logum-um-svaedisbundna-flutningsjofnun_3.10.23.pdf